

Glímusamband Íslands – stjórnarfundur 06.09.2024:
neyðarfundur um mótaskrá vetrarins.
Haldinn við skrifstofu GLÍ.

Á staðnum:
Guðmundur Stefán Gunnarsson,
Jana Lind Ellertsdóttir,
Óttar Ottósson (ritari).

Á netinu:
Einar Eypórsson,
Marín Laufey Davíðsdóttir,
Ólafur Oddur Sigurðsson.

Fundur settur kl. 20:05.

GLÍ hefur borizt bréf frá glímukóngi Íslands 2024, Þórði Páli Ólafssyni. Rætt um efni þess, þar sem beðið er um að breytingar verði gerðar á mótaskrá vegna árekstrar við keppnisferð til útlanda, sem margir virkir keppendur innanlands vilja taka þátt í. Lagt til að haldinn verði fundur með formönnum og aðalþjálfurum glímudeilda um lausn málsins á þriðjudag kl.20:00, fyrir áður boðaðan stjórnarfund.

Tilkynnt var að Glímufélag Reykjavíkur sé á leið inn í raðir GLÍ.
Ennfremur að nýtt glímufélag sé að verða til í Vogum.

Beiðni frá Glímudeild KR:
Þörf er á glímukynningum í mörgum skólum á starfsvæði félagsins. Óskað er eftir aðstoð GLÍ við þessar kynningar, eða að GLÍ greiða kostnað KR-inga við að standa sjálfir að kynningum. Fá e.t.v. einhvern glímuiðkanda til að kynna. Vinna þetta í samvinnu við félagið og önnur slík á öðrum stöðum á landinu.

Spurt var, hver væri glímupjálfari KR. Óttar vísaði á Helga Bjarnason, formann. Ólafur Oddur leggur til að við einbeitum okkur að 2-3 árgöngum. Jana segist þurfa frekari upplýsingar frá KR, svo sem hvenær æfingar séu, hvar og hverjir séu þjálfarar.

Fundi slitið kl. 20:35.